

VERNDARI
Þingvöðru-Fimbovegadittir
Forseti Íslands 1980-1996



SJÁLFBÆRT ÍSLAND

SUSTAINABLE ICELAND

VIÐBURÐA- OG UPPLÝSINGASETUR
EDUTAINMENT CENTRE

Mæling á Vistspori

In cooperation with



Mæling á Vistspori

Áætlað er að Vistspor Íslands sé um 12 jarðhektarar, sem þýðir að ef allir jarðarbúar lifðu eins og við þyrfti tæplega 6 jarðir til að framfleyta okkur.



Í samstarfi við Global Footprint Network og Háskóla Íslands, býður Sjálfbært Ísland sveitarfélögum upp á mælingu á Vistspori og ráðgjöf um hvernig lækka megi Vistspor sveitarfélagsins.

Vistspor sveitarfélaga

Framsýn sveitarfélög sem stjórna umhverfisáhættu sinni og tækifærum með markvissum hætti geta sýnt íbúum sínum gott fordæmi, náð fram raunverulegri breytingu og aukið vellíðan íbúa sveitarfélagsins.

Vistsporið hjálpar sveitarfélögum að bæta markaðslega framtíðarsýn sveitarfélagsins, setja markvissa stefnu, hafa stjórn á árangri og miðla styrkleikum sínum til íbúa.

Vistsporið býður sveitarfélögum upp á samþættan mælikvarða sem auðveldar samanburð og viðmið, setja fram töluleg markmið, og bæta sýn sveitarfélagsins á ákvarðanir til framtíðar. Vistsporið er skalanlegt fyrir allar stærðir sveitarfélaga og býður upp á samantekt og sundurliðaðar niðurstöður.

Vistsporið flettir hulunni af því hvar landsvæði og sveitarfélög munu standa frammi fyrir auknum takmörkunum á aðföngum s.s. orku, skógum, ræktarlandi, og fiskveiðum. Vistsporið hjálpar einnig við að greina stefnur sem skila árangri í umhverfi takmarkaðra aðfanga, þar með talið vörur og þjónustu sem mest þörf er á í framtíðinni.

Hvað er Vistspor

Vistspor (Ecological Footprint) er mælikvarði á sjálfbærni. Mælikvarðinn byggir á þeirri einföldu hugmynd að öllu ræktarlandi sé skipt jafnt á milli allra íbúa jarðar. Sé það gert koma um það bil 2 hektarar (eða svokallaðir jarðhektarar) í hlut hvernar manneskju. Ef allir jarðarbúar lifa innan þessara marka þá getur mannkyn lifað sjálfbæru lífi á þessari jörð.

Með aðferðum Vistsporsins reiknum við út hvað hvert sveitarfélag er að nota og hvort viðkomandi sé innan þeirra marka, þ.e. hvort það lifi innan marka sjálfbærni.

Vistsporið er mælt með því að taka saman alla neyslu sveitarfélagsins og meta umhverfisálagið, sem er gert með svokölluðum Life Cycle Analysis (LCA) aðferðum en þar er reynt að meta umhverfisálag vöru frá vöggu til grafar, þ.e.a.s. allan líftíma vörunnar frá upptöku hráefna, framleiðslu, notkun sem og endurvinnslu eða aðra förgun. Þessu álagi er svo umbreytt í það landsvæði af frjóu landi sem þarf til að standa undir heildarneyslunni. Vistsporið verður þannig stærð þess svæðis sem viðkomandi þarf til að lifa lífinu eins og hann gerir.

Vistsporið er mjög einföld og kraftmikil aðferðafræði við að mæla neyslu okkar í daglegu lífi. Flestir íslendingar lifa umfram það sem við ættum að vera að gera. Ef neysla allra jarðarbúa myndi vera eins og okkar á Vesturlöndum þá þyrftum við eina og hálfu til þrjár jarðir til að viðhalda þeim lífsstíl. Það stefnir því í þrot ef við breytum ekki hegðun okkar gagnvart jörðinni.

Upplýsingar veitir

Magnús Jóhannesson, sími 779 2900 eða tölvupóstur magnusj@vistspor.is

Sjálfbært Ísland

Sjálfbært Ísland er ópólitísk sjálfseignarstofnun (án hagnaðar) sem brúar bilið milli háskóla-samfélagsins og almennings, og hefur þann tilgang að koma á framfæri vísindarannsóknum og öðru efni til almennings og fyrirtækja/stofnana og stjórnvalda á aðgengilegan hátt um hvernig lifa megi innan marka sjálfbærni og nota til þess mælikvarðann um Vistsporið (Ecological Footprint).

Þörfin?

Upplýsingar um hvernig lifa megi innan marka sjálfbærni eru brotakenndar. Þörf er á skýrum og markvissum skilaboðum til almennings, fyrirtækja/stofnana og stjórnvalda um hvort viðkomandi lifi innan sjálfbærni og ef ekki hvað sé til ráða. Gnægð upplýsinga sem finna má í fræðasamfélaginu hefur ekki náð eyrum fólks þannig að marktæk breyting á hegðun sé merkjanleg. Þess vegna stöndum við frammi fyrir umhverfis/efnahags/samfélagslegu hruni vegna fáfræði er varðar þolmörk jarðarinnar.

Markmið Sjálfbærs Íslands

Ná fram mælanlegri breytingu á hegðun með því að fræða almenning, fyrirtæki, stofnanir og stjórnvöld um sjálfbærni og hvernig hægt er að haga sínum málum þannig að viðkomandi sé innan marka sjálfbærni. Markmiðinu verður náð með því að mæla árlega vistspor landsins alls, borgarinnar og annarra sem áhuga hafa, og ráðleggja hvernig hægt er að minnka Vistsporið. Með árlegum samanburði má greina breytinguna.

Fjármögnun viðburðasetursins

Viðburðasetrið verður fjármagnað með sölu ráðgjafar til aðila sem vilja vinna verkefninu lið og leggja sitt af mörkum til að ná markmiði um sjálfbærni, og viðburðum tengdum Vistsporinu s.s. heimildarmyndum, leikritum, tónleikum og öðrum sambærilegum viðburðum.

Þær vörur sem setrið mun bjóða uppá eru m.a.:

(sjá upplýsingar á næstu bls. um hvað er innifalið í hverjum flokki):

- Fullsterkur – 5 milljónir á ári
- Hálfsterkur – 2 milljónir á ári
- Kwartsterkur – 500 þúsund á ári (fyrirtæki með 10 starfsmenn eða færri)

Upplýsingar veitir

Magnús Jóhannesson, sími 779 2900 eða tölvupóstur magnusj@vistspor.is

Vörur setursins, nánari lýsing

Fullsterkur

- 5 milljónir í styrk á ári. Innifalið í þeirri upphæð er eftirfarandi:

- Gerð heimildarmyndar sveitarfélagsins þar sem starfsmenn eru í aðalhlutverki við að minnka Vistsporið sitt.
- Mæling á vistspori samkvæmt aðferðarfræði og tækjum The Ecological Footprint frá Global Footprint Network, sem er leiðandi í heiminum á sviði Vistsporsmælinga.
- Ráðgjöf um hverju hægt er að breyta til að minnka vistsporið – skýrsla.
- Vottun á stöðu sveitarfélagsins undir merkinu "Sjálfbært (*nafn aðila*)" samkvæmt stöðlum frá Global Footprint, sjá www.footprintstandards.org
- 35% afsláttur af persónulegri ráðgjöf til starfsmanna um vistspor þeirra og hvað má bæta
- Sýning heimildarmyndarinnar á vinnustað og umræður um vistsporið.
- Auglýsing á stuðningsaðilum (full stærð) á hverjum viðburði sem haldinn verður.
- Auglýsing á stuðningsaðilum (full stærð) á öllu markaðsefni setursins m.a. heimasíðu.
- Stuðningsaðilum þakkað með nafni í öllum kynningum á viðburðum.
- Lógó sveitarfélagsins sýnilegt í hópi styrktaraðila (full stærð) í aðalstöðvum setursins og á öllu efni félagsins, s.s. bæklingum og heimasíðum.
- Sérstök afsláttarkjör af miðum á alla viðburði sem haldnir eru á vegum setursins
- Allar vörur sem seldar eru í setrinu á kostnaðarverði.

Tilnefna einn einstakling í fagråd setursins, til setu í eitt ár. Hlutverk fagráðs er m.a. að meta stefnu undanfarins árs og setja fram ráðgjöf um stefnu næsta árs.

Hálfsterkur

- 2 milljónir í styrk á ári. Innifalið í þeirri upphæð er eftirfarandi:

- Mæling og vottun á vistspori aðilans
- Ráðgjöf um hverju hægt er að breyta til að minnka vistsporið – skýrsla.
- 10% afsláttur af persónulegri ráðgjöf til starfsmanna um vistspor þeirra og hvað má bæta
- Sýning heimildarmyndarinnar á vinnustað og umræður um vistsporið.
- Auglýsing á stuðningsaðilum (miðstærð) á hverjum viðburði sem haldinn verður
- Auglýsing á stuðningsaðilum (miðstærð) á öllu markaðsefni setursins m.a. heimasíðu.
- Lógó félagsins sýnilegt í hópi styrktaraðila (miðstærð) í aðalstöðvum setursins og á öllu efni félagsins, s.s. bæklingum og heimasíðum.
- Sérstök afsláttarkjör af miðum á alla viðburði sem haldnir eru á vegum setursins.

Kvartsterkur

- 500 þúsund í styrk á ári (fyrirtæki með 10 starfsmenn eða færri). Innifalið í þeirri upphæð er eftirfarandi:

- Sýning heimildarmyndarinnar á vinnustað og umræður um vistsporið
- Auglýsing á stuðningsaðilum (lítill stærð) á hverjum viðburði sem haldinn verður
- Auglýsing á stuðningsaðilum (lítill stærð) á öllu markaðsefni setursins m.a. heimasíðu.
- Lógó félagsins sýnilegt í hópi styrktaraðila (lítill stærð) í aðalstöðvum setursins og á öllu efni félagsins, s.s. bæklingum og heimasíðum.

Upplýsingar veitir

Magnús Jóhannesson, sími 779 2900 eða tölvupóstur magnusj@vistspor.is

Sjálfbært Ísland – Sustainable Iceland

Er sjálfseignastofnun með tímabundið aðsetur að Kleifarseli 57, 109 Reykjavík. Stefna og markmið stofnunarinnar er að koma upplýsingum um vistsporið til almennings, fyrirtækja/stofnana og stjórnvalda, og stuðla þannig að hugarfarsbreytingu í átt að sjálfbærni lífi. Lág yfirbygging og rafræn þjónusta á heimasíðu félagsins og í snjallsímum tryggir lágan rekstrarkostnað.

Forsvarsmenn stofnunarinnar eru:

Magnús B. Jóhannesson, stofnandi og framkvæmdastjóri

Magnús hefur yfir 20 ára reynslu af stjórnun og rekstri fyrirtækja

- M.Sc. í rekstrarhagfræði og stjórnun frá háskólanum í Álaborg, Danmörku
- B.Sc. próf í gæðastjórnun frá Háskólanum á Akureyri.
- Stofnandi og framkvæmdastjóri America Renewables, sem starfar á sviði rafmagnsframleiðslu, verkefnaþróunar og fjármögnunar í Kaliforníu í N-Ameríku.
- Var framkvæmdastjóri Iceland America Energy sem starfaði á sviði verkefnaþróunar í jarðvarma og fjármögnunar í N-Ameríku.
- Var aðstoðarframkvæmdastjóri hjá Enex sem starfaði á sviði verkefnaþróunar og fjármögnunar í orkugeiranum, m.a. hitaveituf framkvæmda í A-Evrópu, Kína og N-Ameríku. Fyrirtækið var að stærstum hluta í eigu orkufyrirtækja á Íslandi.
- Starfaði við ráðgjöf á sviði orkumála með yfirvöldum í Kaliforníu í N-Ameríku.
- Deildarstjóri þjónustudeildar hugbúnaðarfyrirtækis með POS hugbúnað.
- Var framkvæmdastjóri tölvu- og hugbúnaðarfyrirtækis sem bæði flutti út sína vöru og þjónustu til Evrópu sem og stundaði innflutning á i hlutum frá Asíu.
- Starfaði sem ráðgjafi á sviði altæktrar gæðastjórnunar innan orkugeirans á Íslandi.



Sigurður E. Jóhannesson, stofnandi og ráðgjafi

Sigurður er bræðingur lista- og vísindamanns og hefur skipt tíma sínum milli fræðilegra rannsókna og listsköpunar.

- M.Sc. í umhverfis- og auðlindafræði frá Háskóla Íslands
- B.A. í leiklist frá East- 15 Acting School.
- Sigurður stundar doktorsnám við umhverfis- og byggingaverkfræðideild Háskóla Íslands.
- Starfar sem rannsakandi hjá GreenMar, samnorrænu rannsóknarverkefni um sjávarauðlindina.
- Verkefnisstjóri rannsókna um lífhagkerfi Norðurlanda við Háskóla Íslands.
- Starfaði sem sérfræðingur við Umhverfisstofnun.
- Stýrði sprotaverkefninu Garðarshólmur, sem leitast við að stofna miðstöð menningar og fræða á Húsavík.
- Stofnaði og stýrði gamanleikhópnum Brian í London.
- Starfaði sem tónlistarmaður hjá Atco/East-West útgáfufyrirtækinu í New York.



Sigrún H. Sigurðardóttir, stofnandi og ráðgjafi

Sigrún er ráðgjafi félagsins í markaðssetningu, vefsíðuhönnun og vefstjórnun

- M.A. í Humanistic Informatics, Multimedia frá háskólanum í Álaborg, Danmörku
- MBA próf frá Háskóla Reykjavíkur
- Sérfræðingur hjá Kompás
- Stofnandi America Renewables
- Var markaðsstjóri hjá Iceland America Energy í Kaliforníu
- Einn stofnenda margmiðlunarfyrirtækisins Tonic Games í Álaborg



Nánari upplýsingar veitir:

Magnús Jóhannesson í síma 779-2900 eða með tölvupósti magnusj@vistspor.is